

Söluferli fyrir rafmagn á heildsölumarkaði

1. janúar 2026

Vonarskarð ehf., kt. 501022-0710, rekur raforkumarkað fyrir viðskipti á heildsölumarkaði í samræmi við 18. gr. a raforkulaga nr. 65/2003 samkvæmt leyfi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Fyrirtækið heldur daglega söluferli á samningum fyrir rafmagn á heildsölumarkaði. Tilgangur með söluferlunum er eftirfarandi:

- Skýra betur framboð og eftirspurn eftir rafmagni,
- Bæta sýnileika í verðmyndum með rafmagn,
- Birta upplýsingar sem nýtast við greiningu á þróun markaðar með raforku, og
- Birta upplýsingar sem nýtast við mat á raforkuöryggi.

1. Skilgreining á vöru og gerð samninga

Viðskipti eiga sér stað reglulega með eftirfarandi raforkuvörur í söluferlunum.

Heiti blokkar	Lýsing
Grunnorka	Sama magn orku allar klukkustundir sólarhringsins í eitt ár frá upphafsdegi.
Mánaðarblokk	Sama magn orku allar klukkustundir sólarhringsins í einn mánuð frá upphafsdegi.
Stundarrafmagn	Raforka í eina klukkustund.

Aðrar raforkuvörur eru skilgreindar af Vonarskarði áður en söluferli með þær fara fram.

Vonarskarð gefur út sérstaka samningsskilmála sem gilda um alla samninga sem komast á í kjölfar söluferla. Þar koma m.a. fram ákvæði um skerðingarheimildir, *Force Majeure*, uppgjörsferli, kröfur um fjárhagslegar ábyrgðir og meðferð ágreiningsmála. Samningsskilmálarnir eru birtir á vefsíðu Vonarskarðs.

Vonarskarð gefur út sniðmát fyrir samninga sem eru til boða í söluferlum. Þar koma fram nákvæmar upplýsingar um þau viðskipti sem eiga sér stað milli kaupanda og seljanda, þ.m.t. magn raforku, verð og heildarupphæð viðskipta. Sniðmátin eru birt á vefsíðu Vonarskarðs.

Raforka í söluferlinu er selt án upprunaábyrgða líkt og þær eru skilgreindar í lögum nr. 30/2008. Innmötunargjald er ekki hluti af orkuverði og verður gjaldfært í samræmi við afl samnings og aflgjald innmötunar samkvæmt gildandi gjaldskrá Landsnets á tíma afhendingar.

2. Dagskrá söluferla

Söluferli grunnorku og mánaðarblokka eru haldin mánaðarlega. Vonarskarð auglýsir á vefsíðu sinni hvenær söluferlin eru haldin ásamt tímafrestum til þess að senda inn tilboð.

Söluferli stundarrafmagns eru haldin daglega. Vonarskarð tilkynnir þátttakendum fyrirfram um hvenær tímafrestur rennur út til þess að senda inn tilboð í hverju söluferli fyrir sig.

Vonarskarð tilkynnir um söluferli með aðrar raforkuvörur áður en þau fara fram.

3. Þátttakendur

Þátttakendur þurfa að hafa leyfi Orkustofnunar til að stunda raforkuviðskipti í samræmi við 18. gr. raforkulaga og samning við Landsnet um jöfnunarábyrgð. Auk þess er Landsneti heimilt að taka þátt sem flutningsfyrirtækis raforku.

Þátttakendur gera þáttökusamning við Vonarskarð vegna söluferlanna. Það kemur fram listi af því starfsfólki sem hefur heimild til að senda inn tilboð fyrir hönd þátttakanda, hámarksfjárhæðir tilboða og þáttökugjald ásamt öðrum skyldum aðila. Sniðmát að þáttökusamningi er birt á vefsíðu Vonarskarðs.

Listi af þátttakendum hverju sinni er birtur á vefsíðu Vonarskarðs.

4. Skil á tilboðum

Vonarskarð sendir þátttakendum sniðmát fyrir tilboðsskjöl áður en söluferli er haldið.

Þátttakandi skilar tilboðum í útfylltu tilboðsskjali til Vonarskarðs. Í skjalið er fært eitt eða fleiri tilboð fyrir sérhverja blokk sem þátttakandi velur að bjóða í. Unnt er að afturkalla tilboð fram að skilafresti með því að senda tilkynningu til Vonarskarðs. Eftir að frestur til að senda inn tilboð er liðinn eru öll gild kaup- og sölutilboð bindandi.

5. Framsetning tilboðs

Þátttakendur geta sent inn tilboð í blokkir í margfeldum af 0,01 MW. Boðið orkuverð skal vera án innmötunargjalds og tilgreint í íslenskum krónum á MWst án vsk. Þáttakandi tilgreinir í tilboðsskjali eitt tilboð í hverri línu töflunnar *Tilboð*. Í dálkinn *Blokk* skal tilgreina heiti þeirrar blokkar sem tilboðið á við. Stærð tilboðs skal tilgreina í MW með jákvæðri tölu í dálkinum *Magn (MW)*. Einingaverð orku skal tilgreint í heilum íslenskum krónum án virðisaukaskatts í dálkinum *Verð (kr/MWst)*. Kauptilboð skal auðkenna með textanum „Kauptilboð“ í dálkinum *Tegund tilboðs* og sölutilboð með textanum „Sölutilboð“. Saman mynda þessi fjögur eigindi stakt boð. Ekki eru takmörk á fjölda tilboða sem hægt er að senda í hverja blokk. Þátttakendum er heimilt að senda inn bæði kaup- og sölutilboð í sömu blokk.

Þátttakendum er heimilt að leggja fram kauptilboð án þess að tilgreina einingaverð. Með því gefur þátttakandi til kynna að hann vilji kaupa rafmagn á því markaðsverði sem verður til í söluferlinu þegar tekið hefur verið tillit til orkumagns í kauptilboði hans.

Tilboð sem fela í sér frákvik frá skilmálum verður hafnað.

6. Ákvörðun markaðsverðs

Vonarskarð vinnur framboðsfall fyrir hverja blokk úr innsendum sölutilboðum og eftirspurnarfall úr kauptilboðum. Þar sem skurðpunktur myndast milli eftirspurnar- og framboðsfalls verður til markaðsverð og magn. Nánari lýsingu á ákvörðun markaðsverðs er að finna í viðauka A þar sem farið er yfir öll þau tilfelli sem kunna að koma upp í ákvörðunarferlinu.

Kauptilboð sem án einingaverðs eru metin eins og þau hafi einingaverð sem er jafn hæsta einingaverði í öðrum kauptilboðum að viðbætti 1 krónu. Ef engin önnur kauptilboð eru lögð fram með einingaverði eiga engin viðskipti sér stað.

Kauptilboð sem eru yfir eða jöfn markaðsverði eru að jafnaði samþykkt að fullu. Undantekningin er það samþykkt kauptilboð sem er á lægsta verðinu sem er mögulega tekið að hluta þannig að heildarmagni viðskipta sé náð. Ef tveir eða fleiri þátttakendur gera kauptilboð á sama verði sem er

jafnframt lægsta verð samþykktra tilboða eru þau tilboð samþykkt að hluta og hlutfallslega jafnt miðað við magn þannig að heildarmagni sé náð.

Sölutilboð sem eru undir eða jöfn markaðsverði eru að jafnaði samþykkt að fullu. Undantekningin er það samþykkt sölutilboð sem er á hæsta verðinu sem er mögulega tekið að hluta þannig að heildarmagni viðskipta sé náð. Ef tveir eða fleiri þátttakendur gera sölutilboð á sama verði sem er jafnframt hæsta verð samþykktra tilboða eru þau tilboð samþykkt að hluta og hlutfallslega jafnt miðað við magn þannig að heildarmagni sé náð.

Í þeim tilfellum þar sem viðskiptum er skipt hlutfallslega mun Vonarskarð námunða magn ef nauðsynlegt er til þess að magnið sé margfeldi af 0,01 MW. Mun sú námundun fara fram á þann hátt að endanleg skipting tilboða sé sem næst því að vera hlutfallslega jöfn á milli aðila.

7. Ákvörðun á viðskiptum milli aðila

Þeim þátttakendum sem skila inn sölutilboðum býðst að skila inn lista með forgangsörðun kaupenda þar sem einum eða fleiri kaupendum er raðað í númeraröð þar sem mestur forgangur er á þeim sem efstur er á listanum.

Þegar samþykkt magn tilboða liggur fyrir er ákvörðunin um hver selur hverjum fyrst byggð á forgangsörðunarlistum seljenda. Magn í samþykktum kautilboðum eru lögð saman fyrir hvern og einn kaupanda, aðilum raðað í lækkandi röð eftir heildarkaupum og þeir skráðir á úthlutunarlista. Þá hefst ítrunarferli þörunar sem byggir á því að para þann kaupanda sem efstur er á úthlutunarlistanum og við þann seljanda raforku sem raðaði kaupandanum efst á sinn forgangsörðunarlista. Eru þeir paraðir saman sem seljandi og kaupandi á raforku sem nemur magni þess sem er lægra af samþykktu heildarmagni kaupa- eða sölutilboða aðilanna. Hefst nú ítrunarferlið aftur með þeirri breytingu að samþykkt kaup- og sölutilboð til þörunar eru færð niður til samræmis við niðurstöður síðustu ítrunar. Komi til þess að tveir seljendur séu með valinn kaupanda í sama sæti við þörun er viðskiptum úthlutað í hlutfalli við selt magn hvers seljanda sem enn á eftir að úthluta til kaupenda.

Ef einhver kautilboð hafa ekki verið að fullu uppfyllt að loknu ítrunarferli forgangsörðunar verða þau kautilboð þöruð við þá seljendur sem ekki skráðu forgang á eftirstandandi kaupendum. Viðskiptum er úthlutað í hlutfalli við selt magn ef um fleiri en einn seljanda er að ræða.

Í þeim tilfellum þar sem viðskiptum er skipt hlutfallslega mun umsjónaraðili námunða magn ef nauðsynlegt er til þess að magnið sé margfeldi af 0,01 MW. Mun sú námundun fara fram á þann hátt að endanleg skipting tilboða sé sem næst því að vera hlutfallslega jöfn á milli aðila.

8. Tilkynning niðurstöðna

Vonarskarð tilkynnir fyrirfram hvernig tilkynningu á niðurstöðum hvers söluferlis er háttað.

- Í ákveðnum tilfellum sendir Vonarskarð þátttakendum óstaðfestar niðurstöður og gefur þeim tækifæri til að gera athugasemdir. Þetta á við í söluferlum bæði grunnorku og mánaðarblokka. Í niðurstöðunum koma fram framboðs- og eftirspurnarföll sem unnin eru upp úr innsendum tilboðum ásamt markaðsverði og heildarmagni viðskipta. Þátttakendur fá upplýsingar um eigin viðskipti en ekki um mótaðila í viðskiptum sínum. Þátttakendum býðst að koma athugasemdum við niðurstöðurnar á framfæri við Vonarskarð. Unnið er úr innsendum athugasemdum áður en Vonarskarð staðfestir niðurstöður söluferlisins.
- Í öðrum tilfellum eru niðurstöður staðfestar strax án þess að þátttakendur fái tækifæri til að gera athugasemdir. Þetta á við um söluferli stundarrafmagns.

Í lok söluferlis tilkynnir Vonarskarð þátttakendum um staðfestar niðurstöður. Þar fá þátttakendur upplýsingar um nöfn mótaðila í viðskiptum sínum en ekki upplýsingar um aðila að öðrum viðskiptum.

9. Undirritun samninga

Vonarskarð undirbýr samninga sem endurspeglar viðskipti í kjölfar söluferlis og sendir samtímis á bæði kaupanda og seljanda.

- Í ákveðnum tilfellum sendir Vonarskarð PDF útgáfur af samningum á viðskiptaaðila. Þetta á við í söluferlum grunnorku og mánaðarblokka. Seljandi í hverjum viðskiptum ber ábyrgð á að senda kaupanda samninginn til rafrænnar undirritunar.
- Í öðrum tilfellum sendir Vonarskarð samninga í formi tölvupósts á viðskiptaaðila. Þetta á við í söluferlum stundarrafmagns. Seljandi og kaupandi staðfesta viðskiptin með því að svara tölvupóstinum.

Samningsaðilar eru bundnir trúnaði um hver er mótaðili þeirra í viðskiptum.

10. Opinber upplýsingagjöf

Í lok hvers söluferlis birtir Vonarskarð opinberlega tilkynningu um niðurstöður söluferlisins á vefsíðu sinni. Tilkynningin er einnig send á aðila sem skráð hafa sig á tölvupóstlista Vonarskarðs. Þátttakendum er frjálst að birta tilkynninguna á eigin vefsíðu eða birta með öðrum hætti.

Vonarskarð mun halda trúnað um hverjir eru kaupendur og seljendur í viðskiptum og hvorki nafngreina þá í opinberri upplýsingagjöf, í upplýsingagjöf til annarra þátttakenda né til annarra aðila.

11. Leyfi og eftirlit


Vonarskarð hefur leyfi Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til að reka raforkumarkað í samræmi við 18. gr. a raforkulaga nr. 65/2003. Undir leyfið fellur framkvæmd söluferlis Vonarskarðs. Raforkueftirlitið hefur eftirlit með því að fyrirtækið fullnægi þeim lagaskilyrðum sem um starfsemina gilda.

Viðauki A: Ákvörðun markaðsverðs

Í þessum viðauka er að finna ítarlegar upplýsingar um hvernig markaðsverð er ákvarðað undir mismunandi kringumstæðum.


Tilfelli A: Eftirspurn sker framboð

Í þessu tilfelli lækkar eftirspurnarfallið og sker framboðsfallið. Hér er hæsta kaupverð sem leiðir til viðskipta 6 kr/MWst og lægsta söluverð 8 kr/MWst. Markaðsverð ákvarðast sem meðaltalið 7 kr/MWst.




Tilfelli B: Framboð sker eftirspurn

Í þessu tilfelli hækkar framboðsfallið og sker eftirspurnarfallið. Hér er hæsta kaupverð sem leiðir til viðskipta 6 kr/MWst og lægsta söluverð 8 kr/MWst. Markaðsverð ákvarðast sem meðaltalið 7 kr/MWst.




Tilfelli C og D: Öllum kauptilboð tekið

Í dæmi C eru öll kauptilboð á verðum sem eru hærri en söluverð. Öllum kauptilboðum er því tekið. Markaðsverð ákvarðast í meðaltali kaup- og söluverða við magnið 2MW. Sams konar staða kemur upp ef öll sölutilboð eru á verðum sem eru lægri en kaupverð.





Öll verð námundast að næstu krónu. Þetta getur haft áhrif þegar markaðsverð reiknast sem meðaltal kaup- og söluverða. Í dæmi D sést hvernig meðaltal verðanna 6 og 9 námundast að 8 kr/MWst.




Tilfelli E til H: Ótilgreind kaupverð


Leyfilegt er að senda inn kautilboð án þess að tilgreina kaupverð. Dæmi E er án slíkra tilboða en dæmi F byggir á sömu tilboðum auk þess sem kautilboð án verðs hefur verið lagt fram. Dæmið sýnir hvernig tilboðið hliðrar eftirspurnarfallinu til hægri og hækkar markaðsverð úr 8 í 9 kr/MWst.



Við úrvinnslu eru kauptilboð með ótilgreindum verðum metin eins og þau séu lögð fram á kaupverði sem er jafnt hæsta einingaverði í öðrum kauptilboðum að viðbætti 1 krónu. Í dæmi G sést hvernig þessi úrvinnsla leiðir til markaðsverðs 6 kr/MWst.




Í dæmi H hafa verið lögð fram kauptilboð án kaupverðs en þar sem ekkert kauptilboð með verði hefur verið lagt fram á sama tíma þá myndast ekki markaðsverð og engin viðskipti eiga sér stað. Eftirspurnarfallið er óskilgreint í þessu tilfelli og það birtist því ekki á myndinni.



Tilfelli I og J: Öll sölutilboð hærri en kautilboð

Í þessu tilfelli verða engin viðskipti því öll söluverð eru hærri en kaupverð.



Sýnidæmi J er það sama og fyrra dæmið að því viðbættu að lagt hefur verið fram kautilboð án verðs. Engin viðskipti eiga sér heldur stað í þessu tilfelli.

